



Dagsetning: 15. ágúst 2025

Málsnúmer: 2508022/5.2.2

Til fjölskyldunefndar

MINNISBLAÐ

***Efni:** Drög að reglum um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra í kjölfar frumkvæðisathugunar Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála (GEV) á reglum sveitarfélagsins í málefnum fatlaðs fólks.*

Þann 29. febrúar 2024 tilkynnti Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) um frumkvæðisathugun á stöðu uppfærslu stoð- og stuðningsþjónustureglna sveitarfélaga.

GEV benti sérstaklega á að leiðbeinandi reglur ríkisins hafi ekki verið uppfærðar eftir tilkomu stofnunarinnar. Stofnunin annast nú útgáfu rekstrarleyfa til einkaaðila sem veita þjónustu stuðningsfjölskyldna samkvæmt samningi við sveitarfélög og óskað var eftir því að upplýsingum þar um væri bætt inn í reglur sveitarfélagsins.

Lagðar eru til nýjar og breyttar reglur sem taka utan um stuðning við börn og fjölskyldur í Fjarðabyggð.

Í framlögðum drögum er því fjallað um stuðningsfjölskyldur sem áður voru í sérreglum. Einnig er fjallað um skammtímadvöl sem ekki hefur verið í reglum áður.

Ofangreindar breytingar á reglum um stuðning við börn og fjölskyldur miða að því að samræma reglur núgildandi lögum, skýra hlutverk stuðningsfjölskyldna og skammtímadvalar og tryggja að leyfisveitingar fyrir stuðningsfjölskyldur séu í samræmi við nýtt hlutverk Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.

